



Hreppsnefnd 30.06.03

Hreppsnefndarfundur haldinn mánudaginn 30. júní 2003 kl. 12.00 í Miklagarði.

Mættir á fundinn: Emil Sigurjónsson, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Gunnhildur Inga Geirsdóttir Borghildur Sverrisdóttir og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri.

Oddvit setti fund og bauð fundarmenn tul fundar og var síðan gengið til auglýstrar dagskrár.

1 mál. Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps frá 12. júní sl. Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps frá 12. júní sl., lögð fram rædd og síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð stjórnar leiguíbúða aldraðra 13. júní sl. Fundargerðin., lögð fram og samþykkt með 7 atkv..

3. mál. Málefni Tanga h/f. Lagt fram bréf dags 25. júní sl. til stjórnvalda, varðandi málefni Tanga h/f. Gerð var grein fyrir stöðu mála. Ólafur Ármannsson, Þorsteinn Steinsson og Emil Sigurjónsson gerðu grein fyrir þeirri vinnu og viðræðum sem átt hafa sér stað varðandi stofnun á félagi er tæki að sér að kaupa allan hlut Eskju ehf. Í Tanga h/f. Ólafur Ármannsson tók síðan til máls og skýrði frá viðtölum við ýmsa aðila. Sveitarstjóri tók síðan til máls og ræddi hugmyndir um framkvæmdir í framhladi þessa máls. Miklar umræður urðu um málið og tóku nefndarmenn til máls hver af öðrum. Taldi hreppsnefnd mikilvægt að áfram yrði haldið á þessari braut og reynt til þrautar að koma málinu áfram og ganga frá kaupsamningi við Eskju náist til þess nægjanlegt afl í nýju fjárfestingafélagi

4. mál. Íbúðalánasjóður bréf dags. 13. júní sl., varðandi viðbótarlán.

Lagt fram bréf frá Íbúðalánasjóði dag. 13. júní sl., þar sem Vopnafjarðarhrepp er úthlutað viðbótar kvóta að fjárhæð 5.000 þús. Kr. til viðbótarlána. Úthlutun þessi er gerð á grundvelli umsóknar

5. mál. Vopnfirðingafélagið bréf dags. 29. maí sl. varðandi lagfæringu á vegi að sumarhúsi félagsins.

Sveitarstjóra falið að skoða með hvaða hætti verði hægt að koma veginum í viðunandi horf. mál. .

6. Kosning oddvita og varaoddvita hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps Tillaga kom fram um Emil Sigurjónsson sem oddvita og Aðalbjörn Björnsson sem varaoddvita. Tillagan samþykkt með 5 atkv., tveir sátu hjá.

Fleira ekki gert og þakkaði oddviti fundarmönnum góða fundarsetu og sleit síðan fundi